

Landslag væri lítils virði ...

Listasafn Borgarness

Sýning í Hallsteinssal

29.02. - 31.03. 2020

Á sýningunni eru landslagsmyndir úr safneign Listasafns ASÍ eftir Ásgrím Jónsson, Jón Þorleifsson og Jón Stefánsson auk verks í eigu Nýlistasafnsins eftir hollenska listamanninn og Íslandsvininn Douwe Jan Bakker (1943-1997).

Verk Douwe Jan Bakker ber heitið „A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape“ - Þrívíddarorðasafn í íslensku landslagi frá 1976-77 - og samanstendur af 72 ljósmyndum af ákveðnum þáttum úr landslagi og jarðfræði Íslands.

Douwe Jan Bakker kynntist fyrst íslenskum myndlistarmönnum í Amsterdam um 1970. Hann tók miklu ástfóstri við Ísland og íslenska menningu og var umhugað um með hvaða hætti íslenskt landslag endurspeglaði eitthvað sem kalla mætti persónueinkenni íslensku þjóðarinnar. Verkið á sýningunni snýst um tengsl tungumálsins - orða, heita og hugtaka - við landslagið.

Landslagsmálverkin á sýningunni, olíumálverk og ein vatnslitamynd, eru hluti af stofngjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ. Þau eru eftir Ásgrím Jónsson (1876-1958), Jón Stefánsson (1881-1962) og Jón Þorleifsson (1891-1961) og flest unnin í Borgarfirði á fyrri hluta síðustu aldar.

Sýningarstjóri er Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri Listasafns ASÍ.

Icelandic 20th century landscape paintings by various artists and „A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape“ by the dutch artist Douwe Jan Bakker.
Curator: Elísabet Gunnarsdóttir.



Hallsteinssalur er kenndur við Hallstein Sveinsson sem var einn velgjörðarmanna Borgarness; þangað gaf hann listasafn sitt á sínum tíma. Hann var mikill listvinur og rammaði inn fyrir marga kunnustu listamenn Íslands á 20. öld.



Safnahús Borgarfjarðar